



Tvö símskeyti til Vesturlands, Ísafirði 11. Júní 1937 og um
að Ólafur Thors, hefði fyrirskipað að safna 400 manna
liði í þeim tilgangi að varpa 20-30 mönnum í fangelsi

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Símskeyti – Fritz Kjartansson – Matjessíld – Finnur Jónsson
Haraldur Guðmundsson – Pólís – Wladimir Finkelstein – J. Bankier – Ólafur Thors – Hermann Jónasson
Alþýðuflokkurinn – Jónas Jónsson – Jón Baldvinsson – Stefán Jóhanns – Kristján Kristjánsson
Erlingur Pálsson – Guðmundur Sveinbjörnsson – L. C. Magnússon – Hjálmar Þorsteinsson
Lúðvík Magnússon – Guðlaugur Jónsson – Sigurður Gíslason – Sveinn Sæmundsson

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmálamaðurinn

Askja 2-1, Örk 6

Lan íminn.



SÍMSKEYTI

Eyðublað nr. 1

Presse.

Vesturland

Ísafirði.



Athugasemdir símpjóna.

LANDSSÍMI ÍSLANDS



Símskeyti frá

nr.

orð

dags.

kl.

Reykjavík

18 504/492

11/6-37

14,51.

Meðtekið frá

dags.

kl.

af

18.

26

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

Skýrsla Fritz Kjartanssonar dagsett 3. jan. 1935 stop Til stjórnar
samlags íslenskra matjessíldarframleiðenda Siglufirði, í sambandi við
afskifti míni af matjessíldarsölu héðan til Póllands og samningagerðum
fyrir yðar hönd á síðastliðnu ári, þykir mér viðeigandi við heimkomu
mína nú um áramótin að gefa yður eftirfarandi stutt yfirlit um þau atriði
síldarsölunnar sem mér eru kunnugust stop Þegar ég í maí og júní 1934 átti
tal um síldarsölumöguleika í Póllandi við ýmsa menn þar í landi kom það
í ljós að íslensk matjessíld hafði mjög gott orð á sér sem góð og eftir-

2.



Athugasemdir símpjóna.

Símskeyti frá

nr.

orð

dags.

kl.

Meðtekið frá

dags.

kl.

af

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

spurð vara þótt sölumöguleikum væri ákaflega spilt með því að hinir
 ýmsu útflytjendur buðu fram sína vöru um allt landið til mismunandi
 kapitalsterkra kaupenda á ákaflega mismunandi verði stop því var það
að ég stakk upp á því við nokkra fjársterka kaupsýslumenn í Varsjá að
myndaður yrði félagsskapur til innkaupa á íslenskri síld í stórum stíl
til Póllands gegn því að þeim félagsskap yrði trygð einkasala á íslenskri
létsaltaðri síld þar í landi stop þessi uppástunga mín varð til þess að
fyrir milligöngu og af hálfu förstjóra I. J. Szper í Varsjá kom ákveðið
kauptilboð á 60 þúsund tunnum af íslenskri matjessíld fyrir 30 shillinga

3.



Athugasemdir símpjóna.

Símskeyti frá

nr.

orð

dags.

kl.

Meðtekið frá

dags.

kl.

af

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

enska fyrir tunnuna cif Danzig eða Gdynia stop Finnur Jónsson albingismaður sýndi strax í byrjun skilning og velvilja til þessarar samlagsmyndunar stop Með forgöngu hans var stofnað á Siglufirði samlag ísl. matjessíldarframleiðenda sem með bráðabirgðalögum útgefnum af herra atvinnumálaráðherra Haraldi Guðmundssyni fékk einkaútflutning á allri matjessaltaðri síld stop þó varð ^{það} að samkomulagi milli míن og samlagsstjórnarinnar að ég færi á þeirra vegum aftur til útlanda til nýrra samningagerða við þá menn sem ég hafði áður samið við eða aðra ef

Landssíminn.



SÍMSKEYTI

Eyðublað nr. 1 c.

4.



Athugasemdir símpjóna.



Símskeyti frá

nr.

orð

dags.

kl.

Meðtekið frá

dags.

kl.

af

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

samlagsstjórninni þætti það hentugra. Þeir samningar hófust um miðjan ágúst s. l. í Kaupmannahöfn og voru undirritaðir þar 25. ágúst af sömu mönnum sem stóðu að hinu fyrsta kauptilboði og mér fyrir samlagsins hönd samkvæmt sérstöku umboði frá samlagsstjórninni eftir að hún hafði samþykkt öll atriði hins nýja sammings stop í byrjun september var síðan stofnsett og skrásett hlutafélagið Pólísland í Gdynia stop Með innborguðu hlutafé að upphæð 200,000 złoty/^{ca} 170,000 isl. kr. stop Hluthafar í þessu félagi eru þeir herra forstjóri I. J. Szper í Varsjá herra víxlari J. Wolanov

Landssíminn.

SÍMSKEYTI

Eyðublað nr. 1 c.

5.

LANDSSÍMI ÍSLANDS



Athugasemdir símpjóna.

Símskeyti frá

nr.

orð

dags.

kl.

Meðtekið frá

dags.

kl.

af

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

í sömu borg og síldarinnflytjendurnir Wladimir Finkelstein í Danzig og J. Bankier í Gdynia stop þetta er alt orðrétt úr skýrslunni, samlag í sjálfu sér nauðsynlegt en rekstur þess stórhættulegur, hann er gerður að hreiðri fjárvika og spillingar. Mikil óánægja varð út af einkasölu Pólisland hjá ýmsum síldarinnflytjendum í Danzig sem varð vatn á myllu norðmanna sem náðu í sölu til þeirra sem íslendingar höfðu haft áður. Ágóði af verðhækjun sem varð á matjessíld 1934 rann allur í vasa spekulantanna, sjómenn og útgerðarmenn fengu ekki hærra verð en áður. Pólisland

Landssíminn.

SÍMSKEYTI

6



Athugasemdir símpjóna.

Símskeyti frá

nr.

orð

dags.

kl.

Meðtekið frá

dags.

kl.

af

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

er nú úr sögunni en annað félag sem Fritz hefir stofnað á samskonar grundvelli hafði 1935 1936 og í ár einkasölu á ísl. matjessíld í Póllandi og Danzig,

Morgunblaðið.

Landssíminn.

SÍMSKEYTI

Eyðublað nr. 1 c.

Presse.

Vesturland

Ísafirði.

Athugasemdir símpjóna.



Símskeyti frá

nr.

orð

dags.

kl.

Reykjavík

10 1942/1905 11/6-37 12, 12.

Meðtekið frá

dags.

kl.

af

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

Alþýðublaðið 3. júní hafði eftir Hermanni Hólmavíkurfundi að Ólafur Thors hafi fyrirskipað þegar hann var dómsmálaráðherra 1932 að safna 400 manna liði í þeim tilgangi að varpa í fangelsi 20-30 mönnum þar á meðal nokkrum foringjum Alþýðuflokksins. Nýja Dagblaðið þagði um fregning til 5. júní Ólafur spurði Hermann símleiðis hvort þetta væri rétt eftir haft, Hermann kvað það rétt efnislega Jónas Jónsson lýsir framkomu Hermanns Hólmavíkur-fundi þannig í Nýja Dagblaðinu 8. júní: En höfuðsókn sína gerði ráðherrann er hann lýsti framkomu Ólafs Thors eftir 9. nóv. fimm vitni fjórir löggreglu-

2
—

Athugasemdir símpjóna.

Símskeyti frá

nr.

orð

dags.

kl.

Meðtekið frá

dags.

kl.

af

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

þjónar og einn fulltrúi vita um skipun Ólafs til Hermanns að draga saman lið og vopna það móti foringjum Alþýðufloksins Ólafur ætlaði að láta þetta lið hefja einskonar nýja Sauðafellsför brjótast inn í svefnherbergi Jóns Baldvinssonar Stefáns Jóhanns Haralds Guðmundssonar o.s.frv. taka þá á næturþeli og varpa þeim í dýflissu og sundhöllin átti að vera herstöð og fangabúðir í köldum múnklefum þar sem enginn mennskur maður gat haldið lífi eða heilsu en hvað hirti Ólafur Thors um það allur bærinn vissi að Hermann eyddi þessu máli fyrir Ólafi Kristján Kristjánsson vildi ekki framkvæma

Landssíminn.

SÍMSKEYTI

Éyðublað nr. 1 c.

311

Athugasemdir símpjóna.



Símskeyti frá

nr.

orð

dags.

kl.

Meðtekið frá

dags.

kl.

af

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

fólskuverkið Ólafur varð frá sér numinn af reiði og ofsa en fékk engan til að veita sér aðstoð á þann hátt rann málið út í sandinn en sízt hefir þetta verið leyndarmál stop Hermann sagði í skeytí til Ólafs nokkrir menn í Reykjavík vissu hið sanna þessu máli skipaði svo 9. júní lögregluransókn yfir þessum mönnum Kristjáni Kristjánssyni Erlingi Pálssyni og þremur lögregluþjónum stop Framburður Kristjáns 9. júní: Vitnið er spurt um það hvort dómsmálaráðherra hafi rætt við það um meðferð þessa umrædda máls

4.



Athugasemdir símpjóna.

Símskeyti frá	-	nr.	orð	dags.	kl.	Meðtekið frá	-	dags.	kl.	af
---------------	---	-----	-----	-------	-----	--------------	---	-------	-----	----

(150000 - 5. - 35)

Gutenberg.

í einstökum atriðum, skýrir vitnið pá svo frá að dómsmálaráðh. og það hafi fyrst og fremst og aðallega rætt um það hvort vitnið vildi taka þann starfa að sér að vera ransóknardómari í málinu því vitnið kveðst hafa verið tregt til þess vitnið er þá nánar spurt um það hvort dómsmálaráðherrann hafi gefið því nokkur nánari fyrirmæli en í skipunarbréfinu fólust um framkvæmd ransóknarinnar í einstökum atriðum t.d. um það að taka grunaða menn fasta. Þessu neitar vitnið, það kveður Ólaf Thors þáverandi dómsmálaráðherra engar slíkar fyrirskipanir hafa gefið hvorki um fangelsanir né annað en kveður ráðherrann

5.



Athugasemdir símpjóna.

Símskeyti frá	nr.	orð	dags.	kl.	Meðtekið frá	dags.	kl.	af
---------------	-----	-----	-------	-----	--------------	-------	-----	----

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

hinsvegar hafa sagt við sig að hann treysti vitninu til að fara með málið
 eftir því sem vitnið teldi réttast og jafnframt kvað ráðherrann vitnið
 mundu njóta aðstoðar Erlings Pálssonar lögreglufulltrúa og lögreglunnar
 við framkvæmd ransóknarinnar vitnið kveðst er það var á döfinni að það
 taki mál betta að sér hafa átt tal um það við dómsmálaráðherrann og
 þáverandi skrifstofugustjóra Guðmund Sveinbjörnason kveður vitnið ráðherrann
 þá hafa sagt sem svo í þeim viðreðum að hann hefði sjálfur ekkert vit á
 meðferð slíkra mála sem þessu og baraf leiðandi vísað því til skrifstofu-
 stjórans og vitnisins að ráða fram úr því hvernig með það yrði farið,

6.

Athugasemdir símpjóna.

LANDSSÍMI ÍSLANDS



Símskeyti frá	nr.	orð	dags.	kl.	Meðtekið frá	dags.	kl.	af
---------------	-----	-----	-------	-----	--------------	-------	-----	----

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

vitnið er þá spurt um það hvað farið hafi á milli skrifstofustjórans og
 þess í þessu efni í þeim viðræðum sem vitnið átti þannig við skrifstofu-
 stjórnann í viðurvist ráðherrans, kveður vitnið skrifstofustjórnann hafa
 hreyft því hvort ekki væri rétt að handtaka þá menn sem grunaðir væru um
 þáttöku í nefndum óeirðum og fórust skrifstofustjóranum í sambandi við það
 orð eitthvað á þá leið að réttmætt væri og viðeigandi að ríkisvaldið mætti
 sín einhvers þegar um slik afbrot væri að ræða sem framin hefðu verið 9. nóv.

Landssíminn.

SÍMSKEYTI

Eyðublað nr. 1 c.

7

Athugasemdir símþjóna.



Símskeyti frá

nr.

orð

dags.

kl.

Meðtekið frá

dags.

kl.

af

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

Vitnið kveður ráðherrann engar athugasemdir hafa gert við þessi ummæli skrifstofustjórans enda kveðst vitnið þegar hafa talið það útilokað að handtökur færðu fram með því að það væri með öllu óvist hverjir væru hinir seku er vitnið tók þannig í þetta kveður það ekki frakkar hafa verið um það rætt, eigi kveður vitnið ~~xiixixaxixixixixix~~ skrifstofustjórn hafa minst á það hverja bæri að handtaka en þegar þessar viðræður fóru fram kveður vitnið eigi hafa legið fyrir önnur gögn en skýrslur Erlings Pálssonar stop það kveður sér algerlega ókunnugt um allar fyrirskipanir um liðsdrátt þann

8.



Athugasemdir símpjóna.

Símskeyti frá	nr.	orð	dags.	kl.	Meðtekið frá	dags.	kl.	af
---------------	-----	-----	-------	-----	--------------	-------	-----	----

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

sem gerður var eftir 9. nóvember af hálfu löggreglunnar og einnig um það
 ráði hafi verið að nota sundhöllina fyrir bekistöð fyrir aðstoðarlið er
 kvatt væri saman vitnið kveður sér ókunnugt um hvaða fyrirskipanir dóms-
 málaráðherrann eða dómsmálaráðuneytið kunni að hafa gefið öðrum er mál
 þetta höfðu með höndum og bendir á í því sambandi að það hafi fyrst verið
15. nóv. eins og að framan greinir sem það var skipað dómari í því stop
 Framburður Guðlaugs Jónssonar löggreglubjóns eftirfarandi: Hinsvegar kveður
 vitnið hafa verið um það talað að skipa ætti 400 manna lið er til kæmi

Landssíminn.

SÍMSKEYTI

Éyðublað nr. 1 c.

G.



Athugasemdir símpjóna.

Símskeyti frá

nr.

orð

dags.

kl.

Meðtekið frá

dags.

kl.

af

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

kveður vitnið hafa verið rett um þessar tölur en eigi getur það nánar upp lýst nú frá hverjum eða hvaðan það hafi fengið þær upplýsingar gögn þau sem þeir lögreglumennirnir studdust við val á mönnum í þessu skyni kveður vitnið hafa verið manntalsspjalðskrána en auk þess hafi verið til hliðsjónar skrár sem L. C. Magnússon hafi komið með á lögreglustöðina til þeirra en skrá þessa telur vitnið hafa verið félagskrár Varðarfélagsins og ef til vill Heimdallar auk Lúðvíks kveður vitnið Hjálmar Þorsteinsson

10.



Athugasemdir símpjóna.

Símskeyti frá

nr.

orð

dags.

kl.

Meðtekið frá

dags.

kl.

af

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

húsgagnasmið hafa komið á lögreglustöðina meðan þetta verk var unnið og að einhverju leyti átt þátt í því að velja mennina, vitnið kveður sér hafa skilst að nota ætti umræddar skrár Lúðvíks Magnússonar í þeim tilgangi að fá nánari upplýsingar um menn sem til greina komu við valið ef vafasamt þótti um politiskar skoðanir þeirra með því að ekki hafi þótt tiltakanlegt að velja menn sem líklegt þætti að hefðu politiska samúð með þeim sem talið var að staðið hefðu að óeirðunum jafnframt því sem þetta vantanlega lið var valið kveður vitnið það hið sama kvöld eða sömu nótt hafa verið fjörlitað

II.



Athugasemdir símpjóna.

Símskeyti frá	nr.	orð	dags.	kl.	Meðtekið frá	dags.	kl.	af
---------------	-----	-----	-------	-----	--------------	-------	-----	----

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

skipunarbréf er síðar mætti útfylla á nöfn þeasara manna og var það á
þá leið að þeir væru skipaðir til lögreglustarfa, /spurt kveðst vitnið
ekki hafa fengið frekari vitneskju um það í hvaða skyni þessi undir-
búningur til liðsdráttar var gerður að öðru leyti en því að það kveður það
hafa verið skilning sinn að það væri í sambandi við nefndar óeirðir sem
þetta hefði verið gert stop *Framburður Erlings Pálssonar:* Vitnið skýrir svo
frá að eins og kunnugt sé hafi strax að afloknum bardaganum 9. nóv. 1932
verið kvatt saman aukalið til aðstoðar lögreglunni sem þá var mjög liðfá
vegna þeirra áverka sem hún hafði hlotið í viðureigninni var það gert

12.



Athugasemdir símpjóna.

Símskeyti frá	nr.	orð	dags.	kl.	Meðtekið frá	dags.	kl.	af
---------------	-----	-----	-------	-----	--------------	-------	-----	----

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

samdægurs samkvæmt fyrirlagi lögreglustjóra, þá segir vitnið að búist hafi verið við að óeirðir kynnu að vera í bænum er ransókn yrði hafin útaf atburðunum í sambandi við þejarstjórnarfundinn fyrr-greindan dag einkum ef til þess kæmi að hinir grunuðu menn yrðu handteknir í sambandi við rannsókn málsins, af þessu kveður vitnið lögreglustjórann hafa lagt svo fyrir að undirbúa aukaliðsöfnuð ef á þyrfti að halda og undirbúa hann á þann hátt að semja lista yfir menn sem bærir þættu til aðstoðar við lögregluna og var ákveðið að því er vitnið best man að liðið skyldi vera

13



Athugasemdir símpjóna.

Símskeyti frá	nr.	orð	dags.	kl.	Meðtekið frá	dags.	kl.	af
---------------	-----	-----	-------	-----	--------------	-------	-----	----

(150000 - 5. - 35)

Gutenberg.

400 menn ef til kámi. Kveðst vitnið engin fyrirmæli hafa fengið um þetta
 frá öðrum en lögreglustjóranum en hvaða fyrirskipanir lögreglustjórinn kúnni
 að hafa fengið um þetta frá dómsmálaráðuneytinu getur vitnið ekki borið um.
 Samkvæmt þessu kveðst vitnið hafa falið þeim lögreglubjónunum Guðlaugi
 Jónssyni Sigurði Gíslasyni og Sveini Sæmundssyni að semja lista yfir
 nægilega marga menn í þessu skyni og velja þá sem þeir álitu hæfa til
 aðstoðar við lögregluna stop Vitnið kveðst ekki hafa kvatt þá Hjálmar
 Þorsteinsson eða Lúðvík C. Magnússon til aðstoðar við þetta val og ekki

Landssíminn.

SÍMSKEYTI

Eyðublað nr. 1 c.

M.

Athugasemdir símpjóna.



Símskeyti frá

nr.

orð

dags.

kl.

Meðtekið frá

dags.

kl.

af

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

beðið um upplýsingar frá þeim svo að það muni, hinsvegar tekur vitnið það fram að Hjálmar Þorsteinsson hafi oft komið á varðstofuna um þessar mundir og sé því líklegt að hann hafi fengið vitneskju um það er valið fór fram með því að hann hafi tjáð sig fúsan til að aðstoða lögregluna ef þess væri óskað og því mundu hafa verið ~~upplýsingar~~ hans um menn ef hann hefði boðið þær fram. Í þessu sambandi tekur vitnið það fram að það hafi ekki gefið nein fyrirmæli um það að taka ætti tillit til politiskra skoðana við val í þetta lið en vitnið kveðst hafa talið sjálfsgagt að í það yrðu teknir kommúnistar Jafnframt því sem listar voru gerðir yfir hæfa menn í betta vantanlega lið

15.



Athugasemdir símbjóna.

Símskeyti frá	nr.	orð	dags.	kl.	Meðtekið frá	dags.	kl.	af
---------------	-----	-----	-------	-----	--------------	-------	-----	----

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

var samið uppkast að skipunarbréfi til þeitra manna sem skipaðir yrðu og voru þau þess efnis að viðkomandi maður væri kvaddur til aðstoðar lögreglunni og skyldi mæta í sundhöllinni en eyða var höfð fyrir dag og stund og nafn og undirskriftir. Bréf þetta var prentað eða fjörlritað en upplag þess mun hafa verið ónýtt þegar lögreglustöðin flutti og einnig voru listarnir sem gerðir voru undir væntanlega liðsöfnun þá líka eyðilegðir að því er vitnið best veit. Bréf betta sömdu beir í sameiningu vitnið og lögreglustjórinн og var það að forminu gert fyrir undirskrift þeirra beggja,

16



Athugasemdir símpjóna.

Símskeyti frá	nr.	orð	dags.	kl.	Meðtekið frá	dags.	kl.	af
---------------	-----	-----	-------	-----	--------------	-------	-----	----

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

Vitnið kveður það hafa verið ákveðið að liði þessu yrði safnaþ saman í sundhöllinni ef til kæmi og hafði vitnið eftir boði lögreglustjórans fengið leyfi til þess hjá borgarstjóra eða bæjarverkfræðingi að sundhöllin yrði notuð í þessu skyni ef til kæmi stop Vitnið kveður að meðal lögreglunrar hafi verið gert ráð fyrir þeim möguleika eins og áður getur að menn yrðu teknir fastir í sambandi við ransóknina en það kveðst enga vitneskju hafa um ráðagerðir eða fyrirskipanir þar að 1útandi af hálfu dómsmálaráðuneytisins og er ókunnugt um það hvað ráðuneytinu og

17.



Athugasemdir símpjóna.

Símskeyti frá	nr.	orð	dags.	kl.	Meðtekið frá	dags.	kl.	af
---------------	-----	-----	-------	-----	--------------	-------	-----	----

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

löggreglustjóranum kunni að hafa farið í milli um það efni. En vitnið tekur fram að jafnskjótt og Kristján Kristjánsson hafi fengið málid til meðferðar hafi verið horfið frá öllum fyrirætlunum um aukið lið vegna þeirrar aðferða sem hann beitti við ransókn málsins sem var sú að taka enga fasta en þá þótti ekki líklegt að neinar óspektir myndu verða hafðar í frammi við ransóknina. Kveður vitnið Kristján strax áður en ransóknin hófst hafa tjáð sér að hann mundi enga setja í gæslu nema ransókn gæfi frekari tilefni til þess stop Vitnið tekur það fram að Hermann Jónasson forsætisráðherra hafi síðar er mál þetta barst í tal skýrt sér frá hví að staðið hefði til

18.



Athugasemdir símpjóna.

Símskeyti frá

nr.

orð

dags.

kl.

Meðtekið frá

dags.

kl.

af

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

að taka nokkra menn fasta í sambandi við ransóknina en forsætisráðherrann
kvaðst hafa afstýrt því, vitnið kveður hafa verið um það rætt að heppi-
legast væri ef til þess kæmi að taka menn fasta að framkvæma það snemma
morguns á tímabilinu frá klukkan 6-8 til þess að komast hjá óspektum í
sambandi við handtökurnar og þess vegna hafi verið ráðgert að kalla liðið
saman í sundhöllina snemma morguns þann dag sem handtökur færðu fram ef
til þeirra kæmi svo að það væri þar til taks ef á þyrfti að halda stop
Framburður Sveins Sæmundssonar lögreglubjóns: Eins og áður greinir kveðst

Landssíminn.

SÍMSKEYTI

Eyðublað nr. 1 c.

19.



Athugasemdir símpjóna.

Simskeyti frá

nr.

orð

dags.

kl.

Meðtekið frá

dags.

kl.

af

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

vitnið hafa vitað að tilgangurinn með undirbúningi þessa liðsafnaðar var sá að vera við öllu búinn í sambandi við væntanlega ransókn útaf nefndum óeirðum en nánar kveðst vitnið ekki hafa fengið vitneskju um hvernig eða til hvers ætti að nota liðið, vitnið kveðst ekkert um það vita hvort átt hafi sér stað ráðagerðir eða ákvarðanir um handtöku eða fangelsanir í sambandi við umrætt mál stop Framburður Sigurðar Gíslasonar löggreglubjóns: Hinsvegar kveðst vitnið ekki hafa fengið neinar upplýsingar eða vitneskju um ráðagerðir eða ákvarðanir af hálfu yfirvaldanna um handtökur eða fangelsanir stop Framburður Guðlaugs Jónssonar um afskifti Lúðvíks C. Magnússonar

Landssíminn.

SÍMSKEYTI

Eyðublað nr. 1 c.

Re.



Athugasemdir símpjóna.

Símskeyti frá	nr.	orð	dags.	kl.	Meðtekið frá	dags.	kl.	af
---------------	-----	-----	-------	-----	--------------	-------	-----	----

(150000 - 5. - '35)

Gutenberg.

hlýtur að vera misminni, hann kom hvergi nærri þessu enda hafði hann þá ekki aðgang að skrá Varðarfélagsins. í samtali við Lúðvík í gær kannaðist Guðlaugur við að þetta væri misminni og sagðist myndi leiðréttu það,

Morgunblaðið.